




Barónsstígur 45 – (fsp) færsla á lóðamörkum

Skoðuð er fyrirspurn Veitna ohf., dags. 9. janúar 2024, um færslu á lóðamörkum, annars vegar færslu á lóðamörkum til norðvesturs að gangstétt við Barónsstíg og hins vegar færsla lóðamarka að trjám á suðaustur hluta lóðar.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag AR2040: Lóðin er á miðsvæði M29


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Heilsuverndarreiðs, samþykkt. 11.04.2003, með síðari breytingu vegna Sundhallar Reykjavíkur / Barónsstígs 45, samþykkt 29.09.2022.




Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd úr borgarvefsjá




Deiliskipulag Heilsuverndarreiðs samþ. 11.04.2003




Breyting á deiliskipulagi fyrir Barónsstíg 45A samþ. 29.09.2022

Umsögn

Lóðabreytingar skv. samþykktu deiliskipulagi frá 11.04.2003 tóku ekki gildi þar sem þeim var hafnað af íbúum á Snorrabraut 56. Því hefur orðið til orltil landræma á borgarlandi milli Barónsstígs 45 og Snorrabrautar 56 sem borgin þarf að sinna.



Mæliblað lóðar nr. 45, dags. 31.03.2006



Mæliblað lóðar nr. 45A, dags. 31.03.2006

Lóðabreytingar skv. breytingu á deiliskipulagi fyrir Barónsstíg 45A, dags. 29.09.2022, tóku hins vegar gildi. Lóðamörk milli Barónsstígs 45 og 45A liggja nú saman og mætast á horni lóða við Barónsstíg. Er það í samræmi við lóðir annars staðar á þessum reit og því er landræman milli Barónsstígs 45 og Snorrabrautar 56 undantekning.

Veitur óska nú eftir að lóðamörk þeirra verði færð, annars vegar að gangstétt við Barónsstíg og hins vegar að trjálandi á austurhluta lóðar sbr. bláar línur á mynd hér fyrir neðan.



Ósk um ný lóðamörk (bláar línur) og kvaðir um gönguleiðir innan lóðar (rauð strikalína)



Tillaga lóðarhafa að nýjum lóðamörkum ásamt fyrirkomulagi á lóð

Sbr. mæliblað lóðar hér að ofan og gildandi deiliskipulag frá 2022 eru kvaðir á lóð nr. 45 um göngustíga á lóð. Ósk um minnkun lóðar myndi hafa í för með sér að fyrrgreind landræma milli lóða myndi stækka og göngustígar skv. deiliskipulagi myndu heyra undir fleiri en einn lóðarhafa sem væri ókostur uppá framkvæmd og rekstur.

Niðurstaða

Tekið er jákvætt í færslu lóðamarka að gangstétt við Barónsstíg en ekki er hægt að fallast á minnkun lóðar til austurs heldur er óskað eftir að lóðarhafi stækki lóð sína að lóðamörkum Snorrabrautar 56 svo lóðir nái saman, líkt og almennt er á reitnum, svo ekki verði eftir landræma á borgarlandi.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri